

105 framt úr gildi reglugerð fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 15 13. jan. 1941, 8. júní með breytingum nr. 83 12. apríl 1943 og nr. 20 29. febr. 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júní 1950.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hallgrímur Dalberg.

106

12. júní

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Hér eftir er bannað að flytja til landsins hvers konar vörur, nema þær hafi verið greiddar seljanda eða gjaldeyris til greiðslunnar hafi verið tryggður gegnum banka, áður en varan er send til landsins. Gildir þetta jafnt þótt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi hafi þegar verið veitt fyrir vörunum.

2. gr.

Engar vörur má tollafgreiða, nema framvísað sé kaupreikningi með áritaðri kvittun seljanda fyrir greiðslunni eða með áritun banka um að varan sé greidd eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri.

3. gr.

Bankarnir skulu hafa eftirlit með því að erlendar innheimtur, sem til þeirra eru sendar, fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar. Sé innheimtum ekki gerð skil innan 30 daga frá komudegi og ekki liggja fyrir yfirfærslutrygging, skal tilkynning um það send gjaldeyriseftirlitinu, sem lætur rannsaka málið og tilkynnir síðan fjárhagsráði, ef það telur að um brot sé að ræða.

4. gr.

Þeir, sem eiga vörur á leiðinni til landsins, pantaðar gegn löglegum leyfum, þegar reglugerð þessi gengur í gildi, skulu ekki teljast brotlegir við ákvæði hennar, þótt greiðsla á þeim vörum hafi ekki verið tryggð. En skylt skal þeim, ef þess er krafizt, að færa sönnur á, að vörunar hafi verið sendar af stað frá seljanda áður en hún gekk í gildi.

5. gr.

Undanþegnar þessari reglugerð eru sendingar allt að 500 krónur að verðmæti, enda séu lögð fram skilríki eða á annan hátt færðar sönnur á, að um gjöf sé að ræða.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 22. gr. laga nr. 70 5. júní 1947.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 12. júní 1950.

Björn Ólafsson.

Þórhallur Ásgeirsson.